Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrirfram, en ½ fyrir 15. júlí.

# Kvennabladid.

Uppsögn skriflag bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

21. ár. | Reykjavík, 31. ágúst 1915. | № 8.

## Fullrétti kvenna.

*Hvað segið þér karlar, er kveðið svo að*
*að konum g e f i ð þér? Vitið þér — hvað:*
*eg veit enga ambátt um veraldar geim,*
*sem var ekki borin með réttindum þeim.*

*Þeim réttarins lögum að ráða sér sjálf,*
*og ráða til fulls og að vera ekki h á l f!*
*Hvað þolir þú, píndist þú, móðurætt mín?*
*Ó mannheimur, karlheimur, blygðastu þín!*

*Hvað skuldum vér, svanni? — vér skuldum þér flest,*
*er skaparinn gaf oss, og mest er og bezt;*
*með helstriði lífið þú lént hefir oss*
*og með ljúfasta yndi þann sætasta koss.*

*Ó brúður, þú galzt þess er bezt var þér veitt,*
*þú barst undir hjartanu, kramin og þreytt*
*menning og framför, já mannkynið allt*
*á meðan í herfjötrum réttvísin svalt.*

*En bundin og sigruð þú sigurinn vannst,*
*úr samúð og kærleik þinn guðvef þú spannst,*
*er blóðböndum helgaði heimili og stjórn,*
*en hornstein hvern lagði þín sjálfselskufórn.*

*Af álögum þjökuð um aldir og ár*
*til eilífðar logar þér sigur um brár;*
*og gripi þig ástin þá gefur þú allt,*
*sem guð hefir lánað þér, þúshundraðfalt!*

*Matth. Jochumsson.*

# Pólitísku horfurnar.

Nú þegar stjórnarskráin er samþykt og gengur í gildi, verða kjósendurir að fara að hugsa eitthvað fyrir hinum nýju kosningum sem lögboðnar eru með henni. Ný kosningarlög voru samþykt á þinginu í sumar, og eftir þeim fara kosningarnar fram næsta ár í tvennu lagi: landskosningarnar, þar sem kjósa skal 6. menn um næstu 12 ár til efri deildar, í stað þeirra konungkjörnu, sem nú eru fallnir í valinn um aldur og æfi, án þess að eiga von á nokkurri uppreisn síðarmeir. Þessar landskosningar eiga að fara fram 5. ágúst 1916. En kjördæma kosningarnar um alt land, þar sem 34 alþingismenn verða kosnir, eiga að fara fram fyrsta vetrardag næsta haust, 1916.

Þótt nú svona góður tími sé til stefnu, þá verðum vér konur að fara að hugsa ráð vort í þessu efni. Vér verðum að gera oss ljóst að áríðandi er að vér tökum mikinn og góðan þátt í næstu kosningum. Og til þess þarf mikinn undir búning frá vorri hálfu. Landskosningarnar eru hlutfallskosningar, og listana setja eflaust pólitísku flokkarnir upp. Auðvitað gæti orðið spurning um hvort konurnur ættu þá ekki líka að ganga allar í sameiginlegt kosningarsamband, til þess að geta gert sig gildandi tiltölulega á við aðra flokka og fengið sinn eða sína fulltrúa inn í þingið, eins og þeir. Alt þetta þarf nákvæmrar yfirvegunar við, og langs undirbúnings. Þingflokkarnir munu nú í þinglokin hafa reynt að komast að einhverri niðurstöðu um einhverjar pólitískar stefnuskrár, og sömuleiðis um einhver þingmannaefni, til landskosninganna. En árangurinn eða niðurstaðan af þeim samningatilraunum eru ennþá ekki lýðum ljósar, nema þær stefnuskrár, sem nokkrir af flokkunum hafa birt, og ekkert virðist á að græða, því undir þær geta víst allir hinir skrifað ef ekkert annað lægi þar á bak við.

En auðvitað hefir miðstjórn flokkanna að minsta kost hreyft og stungið upp á einhverjum þingmannaefnum, og gert ráð fyrir einhverri kosningarbaráttu. Þetta ættum vér konur að taka til eftirbreytni, að minsta kosti hvaða kosningaundirbúning vér viljum hafa. Viljum vér vera einar útaf fyrir oss, um kosningarnar? eða viljum vér ganga að kosningunum með pólitísku flokkunum? Viljum vér fá nokkrar konur settar á lista, og sem frambjóðendur í kjördæmunum? Eða viljum vér hafa karlmenn eina, sem þingmannaefni, við næstu kosningar?

Það fyrsta sem vér verðum að gera oss grein fyrir og ákveða, er það hvort vér viljum mynda sérstakan kjósendaflokk. Kvbl. hefir áður minst lítillega á það. Jafnvel þótt því verði ekki neitað að á þennan hátt *gætum* vér haft lang mest áhrif og verið öruggar um að geta komið vorum þingmannaefnum að hlutfallslega við hina pólitísku flokka, þá er mjög vandséð nú, hvernig það færi. Sem stendur verða það aðeins fertugar konur og þar yfir, sem kjósa. Þá er hætt við að margar eldri konurnar sæki ekki kjörfundina, og kjósendatala vor minkar að miklum mun við það. Auk þess getum vér gert ráð fyrir að ýmsar konur væru svo miklir flokksmenn, að þær ekki fengjust til að kjósa aðra en þá, sem þeirra pólitísku flokkar settu upp.

Þá kemur til greina sú spurning hvort vér eigum að hugsa oss fyrir konum sem frambjóðendum til þingmennsku, og fá þær teknar á lista karlmannanna ef vér ekki myndum sjálfar neinn sérstakan flokk. Það er mjög líklegt að ef konurnar undirbúa sig vel undir kosningu að flokkarnir vildu gjarnan vera í kosningasambandi við þær, og taka þeirra kandidata á sína lista á sæmilegum stað, ef þær hefðu þá sérstök þingmannsefni.

Kvennabl. telur það heppilegra að svo stöddu máli, heldur en að vér drögum oss út úr, því ef vér gerðum það, og kæmum engum að, en atkvæði vor dreyfðust með pólitísku flokkunum, þá

gæti það orðið oss til ómetanlegs tjóns og álítshnekkis í framtíðinni. Auk þess er samvinna milli karla og kvenna eðlilegust, ef hún er ósvikin og undirhyggjulaus á báðar hliðar. En því verður reynslan að skera úr.

En hvað sem í þessu efni verður efst á baugi hjá oss, þá eru mikil samtök og undirbúningar frá vorri hálfu sjálfsögð fyrir þessar kosningar. Hvert einasta kvenfélag á landinu ætti að hreyfa þessu máli og gera sér það ljóst að virðing vor liggur við að vér sækjum fyrstu kosningarnar svo vel, sem unt er, og leggjum fram góðan og mikinn skerf til þess að fá samviskusama og heiðarlega menn á fyrsta þingið, sem vér kjósum til.

---

# Heillaóskir

frá Sænskum konum, til íslenskra kvenna í tilefni af Stjórnarskrár samþyktinni.

Stokkhólmi 15. september 1915

Frú Briet Ásmundsson, Reykjavík.

Hvað eftir annað koma nú á þessum ófriðartimum friðsamlegar sigurfréttir frá Norðurlöndum. Og nú síðast eru það íslenskar konur, sem hafa unnið sín fullu borgaralegu réttindi.

Aftur samansafnaðar til að starfa að því takmarki, sem þér þegar hafið náð, sendir sænska Kosningaréttar Landsfélagið, gegnum framkvæmdarnefnd miðstjórnar sinnar, hlýjar hamingjuóskir til íslenskra kvenna, sem með hinum lifandi áhuga, er þær hafa sýnt fyrir þjóðmálum ættjarðar sinnar, hafa heiðarlega verðskuldað að fá samstjórnarrétt til að taka þátt í örlögum hennar og gera út um þau.

Fyrir hönd Kosningarréttar Landsfélags kvenna.

*Signe Bergmann,*
form.

Esaline Boheman.

---

# Ísland erlendis.

Frú Björg Blöndal hefir ritað um staðfestingu Stjórnarskrárinnar í danska kvennablaðið »Kvinden og Samfundet« og norska kvennablaðið »Nylænde«. Talar hún þar um hversu Íslendingar séu frjálslyndir í þeim efnum, og hafi veitt oss þau ýmsu réttindi sem vér höfum fengið án nokkurar baráttu frá kvenna hálfu.

Um lögin frá 1911, sem veita konum sama aðgang að öllum embættum landsins og karlm. segir hún:

»Það eru þannig einsdæmi í frelsisbaráttu kvenna að konur nokkurrar þjóðar aðeins með því að láta ósk sína í ljósi við landstjórnina um þessi réttindi, hafi með einföldum lögum, sem ganga fram, án nokkurrar mótstöðu fengið jafnan aðgang og karlmenn að *öllum* landsins embættum, jafnvel presta- og ráðherraembættunum ekki undanskildum. — En þetta fengu íslenskar konur 1911. Það er því ekki neitt fleipur þótt menn fullyrði að hvergi í heimi sé jafn sannan riddaraskap að finna gagnvart konum og á Íslandi — — — «.

Vitaskuld er það rétt athugað að íslenskar konur höfðu ekki *barist* hvorki um þetta atriði í kvennamálunum né önnur, þótt talsvert hafi á síðari árum verið gert að því að vinna að framgangi þeirra. En einmitt *þetta* atriði: jafn aðgangur kvenna að öllum skólum, námsstyrkjum, embættum og opinberum stöðum hefir verið allra efst á baugi í kvennréttindahreyfingunni hér á landi. Skúli Thoroddsen hélt því fram í blaði sínu frá því hann stofnaði það. Fjallkonan hélt því fram í ritstjórnargreinum í 1. árgangi hennar 1884, og 1885 var því haldið fram aftur í grein í Fjallkonunni undir dulnefni »Æsa« sem eg hafði skrifað, og í fyrirlestri sem eg hélt í Reykjavík 28. des. 1887. Síðan hefir því verið haldið fram í riti og ræðu af öllum, sem við þessi mál hafa fengist.

»Framsókn« sem tók kosningarrétt kvenna upp á sitt program fylgdi auðvitað þessu jafnrétti fram, og Kvennablaðið, sem nú er á 21. árinu hefir frá byrjun haldið fram fullu jafnrétti kvenna sérstaklega í mentamálum og atvinnumálum. Þau mál voru aðallega áhugamál Kvennablaðsins frá byrjun. Þetta skyldu líka íslenskar konur vel, miklu betur en pólitísku réttarkröfurnar.

Það var því í fullu samræmi við þenna almenna kvennavilja að stóri kvennafundurinn, sem Kvenréttindafélagið gekkst fyrir að haldinn væri fyrir þingið 1909 samþykti í einu hljóði tillögu þá, sem eg bar þar fram um þetta efni, ásamt tillögum um kosningarrétt kvenna til Alþingis og í sveitamálum og héraðsmálum. Tillaga þessi var ekki stíluð til landstjórnarinnar heldur til Alþingis. Hún var í þremur liðum og hljóðaði þannig:

»Fundurinn skorar á Alþingi:

a. *Að* samþykkja, sem fyrst þá breytingu á stjórnarskrá landsins að konur geti öðlast kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis með sömu skilyrðum og karlmenn.
b. *Að* taka upp á þessu þingi almenn lög um kosningarrétt og kjörgengi kvenna í sveitamálum öllum og héraðamálum jafnt karlmönnum.
c. *Að* veita konum jafnrétti við karlmenn við allar æðri mentastofnanir landsins og til allra embætta og opinberra sýslana hér á landi«.

Það var alls ekki neinum riddaraskap ísl. karlmanna að þakka að þetta mál komst mótmælalítið út úr þingiuu 1911. Á þinginu 1909 hafði 1. þingm. Reykjavíkur tekið málið að sér til flutnings. En hann bar það aldrei fram. Lagði varla tillöguna fram á lestrarsalinn auk heldur meira. Og á þinginu 1911 var það aðeins flutningsm. málsins H. Hafsten að þakka sem eg hafði þá fengið til að flytja málið, að það gekk með glans fram, þótt nokkrir væru á móti. En — málið var ókunnugt, og þingmenn hugsuðu ekki út í hvaða byltingu það gæti gert, ef frumvarpið yrði að lögum. Þeir höfðu sem sé alls ekki áttað sig á því, og samþyktu frumvarpið þessvegna mótmælalítið.

Um það hverjar núlifandi íslenskar konur hafi mest unnið að kvenréttindamálunum á Íslandi, segir frú Blöndal:

»Ætti að nefna nokkrar konur, sem sérstaklega hafa unnið að framgangi kvenréttindamálanna á Íslandi þá er það af núlifandi konum fyrst og fremst formenn tveggja kvenfélaga frúrnar Katrín Magnússon og Bríet Ásmundson. Sú fyrnefnda með sínum víðtæka þjóðfélagslega áhuga (omfattende sociale Interesser) hefir starfað mikið að því að opna augu karlmannanna fyrir því hve hyggilegt það væri að veita konum sæti við hlið þeirra í hinu opinbera lífi, og sú síðarnefnda, sem er ritstjóri Kvennablaðsins hefir unnið mikið að því að vekja konur landsins til að hugsa um þau mál, sem nú eru efst á baugi bæði á Íslandi og í útlöndum — einkum þau, sem snerta kosningarrétt kvenna«. —

Það væri mjög fróðlegt fyrir okkur hér heima, sem því miður höfum ekki haft færi á að kynnast þessari víðtæku þjóðfélagslegu starfsemi frú K. Magnússon nema í bæjarstjórninni, að fá að heyra eitthvað meira um hana. Það gæti eflaust orðið gott fordæmi, fyrir aðrar konur og líklegt að mikla blessun mundi af því leiða fyrir land og lýð. —

---

## Myndasafnið mitt.

*Eg sakna ykkar fjörugu umliðnu ár,*
*með ástriðum, lífsglóð og þrótt.*
*Eg sakna ykkar, brennheitu svellandi tár,*
*þau sviða, — en þorna svo fljótt,*
*Eg sakna þín hoppandi hlátur á vör,*
*— þó harmtár og bros sé mér leyft,*
*nú alvara lífsins og æfinnar kjör*
*það alt hefir smámsaman deyft.*

*En á eg að sakna þó eittkvað sé breytt,*
*þó aðeins sá brosi, sem hló?*
*Þótt temjist hið æsta, ef tapast ei neitt,*
*eg tek því með stillingu og ró.*
*Eg tilbið þig, æska, með eldhita og glóð,*
*sem aldrei ert tvíræð né hálf,*
*lát æða, lát svella þitt ólgandi blóð;*
*— svo átt þú að kyrra það sjálf!*

*Og hvert sem í hafróti bátinn þá ber,*
*hvort blæs oss á móti eða í vil,*
*að glata því aldrei, sem gõfugast er,*
*en geyma j a f n t preklyndi og yl;*
*þau málin ei eingõngu að una sér við,*
*sem eru aðeins hugsuð og dreymd,*
*nei, meta og skilja hin margbreyttu svið,*
*sem mannlífsins viðátta á geymd.*

*Sú eggjan: »að brjótast upp fjallið« æ fer*
*um flokkinn svo voldug og sterk.*
*En »fjallið að klæða« samt fegurra er*
*og farsælla og traustara verk.*
*Eg man hve vor útsjón í árroða hló,*
*en alt um það þrái eg nú mest:*
*þann æskunnar stórhug og ellinnar ró*
*að eiga og tengja sem best.*

* * *

*Hvort er eg að sætta mig sjálfa við það,*
*að sjá hinu gengna á bak?*
*Nei, einmitt að samrýma sumarsins störf*
*við sólbros og vorfuglakvak.*
*Eg fjõllin mín blessuð svo fõgur og björt*
*í fjærlægðar heiðblóma vef,*
*en hvamminn og lindina er hvíli eg hjá*
*jafn kær eins og áður eg hef.*

*Æ, sjáðu hvar glitrandi »gleymdu mér ei«*
*hér grær upp við kletlanna rið;*
*það döggvar í úðanum dynjandi foss,*
*af dropunum skelfur það við.*
*Á háfossinn rjúkandi horfi eg um skeið,*
*en hrifnari á smáblómið samt.*
*Hve ólíkt! En hvortveggja elska eg þó,*
*eg ann ykkur. skil ykkur jafnt.*

*Um vetrarkvöld hjarnbreiða helköld og við*
*í hreinviðri og tunglsljósi skín,*
*hve ólíkt og vorkvöldið brosmilt og blítt,*
*en b æ ð i eg nefni þau m í n.*
*Sjá ljósin í stofunni laða oss inn,*
*þátt ljúfara og hlýrra vor beið.*
*en útsjón um heiðkvöldsins ómælisgeim*
*þó aldrei má g l e y m a s t um leið.*

*Þið þekkið hve æskan er einhliða og djörf,*
*og athugar dýpið ei nóg,*
*en öll þessi daglegu, óliku svið,*
*þau eru enginn hégómi þó.*
*Þau festa í hug okkar minningu og mynd,*
*af minjum þeim, dýrmætt er flest;*
*og ljósmyndir æskunnar á eg þar með*
*og, ef til vill, geymi þær best.*

*En a l t þetta myndasafn er mér þó kært,*
*og engu þar tapa eg vil.*
*En tvent vildi eg eignast í safnið mitt samt*
*þá smásjá, ef væri hún til,*
*er auglýsi rétt, það sem oft v i r ð i s t s m æ s t*
*svo eðli og gildi þess sést.*
*og einnig þann sjónauka, að allt s e m e r s t ó r t*
*eg eygt fengi og skynjað sem best.*

*I. B.*

# Kenning.

Þýtt.

(Framhald).

Ó-já, þegar hann hafði ausið yfir mig ásökunum, fyrir að hafa haft í frammi daðurtilraunir við dóttur hans, — jafnvel að eg hefði komið óorði á hana með því — hann var með dylgjur um að einhver hefði séð okkur saman þetta eftirminnilega kvöld, — þá lét hann mig vita að ef eg ekki féllist á tilboð hans — með því skuld mín félli í gjalddaga — þá áleit hann sig »því miður« neyddan til að lögsækja mig fyrir þessar 2000 krónur. — Og svo gaf hann mér í náð umhugsunarfrest til morguns, — geturðu hugsað þér slíkan þorpara?

»Já, það er reyndar óvenjulega nærgætnislegt og fint« svaraði eg.

»Bara að eg gæti skilið hversvegna hann hefir einmitt útvalið mig fyrir fórnardýr«, sagði Herman mjög gramur. »Það eru þó ýmsir af félögum mínum, sem skulda honum miklu meira en eg«.

»Ó-já, þú hefir þó að minnsta kosti gefið höggstað á þjer gagnvart Gretu — og mögulegt er það og jafnvel trúlegt, að henni þyki vænt um þig og það er talsvert atriði í málinu. Svo ert þú sonur landshöfðingans í fylkinu, og hefir í tilbót dálitla kórónu yfir nafninu þínu, sem er talsvert mikilsvirði í augum Hellgrens gamla sem er dálítið hégómlegur, eins og þú veizt.

Hermann hafði nú sest ofan í körfustólinn aftur, og studdi höfðinu þunglyndislega ofan í hönd ur sínar.

»Getur þú sagt mér Lísa hvernig eg á að fara að«, spurði hann mig eftir dálitla þögn. »Einmitt núna er mjer svo óheppilegt að fjárhagur minn verði að opinberu umtalsefni — og — að fara að *selja* mig — fyrir 2000 krónur — ef hún nú annars vill það — það — «

»Já einungis að *tala* um það, er mjög undarlegt« sagði eg vingjarnlega. En það er ekki ómögulegt að Fritz geti nú samt hjálpað þér eitthvað úr mestu vandræðunum. Eg á ekki við að hann borgi sjálfur neitt fyrir þig. — En eg man nú eftir að hérna um daginn þá var hann að tala um, að einhver hefði verið að ráðgast um við hann um hvernig hann ætti að fara að koma nokkrum þúsundum króna tryggilega fyrir, svo með ábyrgð Fritz þá gæti vel hugsast — — «

Hermann spratt upp, og í sama vetfangi var handleggurinn á honum kominn utanum hálsinn á mér, og úfna hufuðið hans í faðm mér.

»Lísa, þú ert allra bezta manneskjan í heiminum!, og hann kysti mig eins og ástfangnasti elskhugi«.

»Stiltu þig nú strákkjáninn þinn og seztu niður svo eg geti talað við þig. — Taktu nú eftir, það er með einu skilyrði, sem þú máski verður ekki svo sérlega glaður yfir, að eg reyni að hjálpa þér — ef eg get — sagði eg alvarlega.

»Einu skilyrði?« »Hvað er það?« sagði hann fljótmæltur og leit á mig með ákafa, og gleðibjarminn á andliti hans breyttist alt í einu í órólega eftirvæntingu.

»Þú verður — að fara upp til Gretu Hellgren og tala opinskátt og alvarlega við hana«, sagði eg blátt áfram.

Hermann settist jafnhratt niður eins og hann hafði þotið upp. Hann þagnaði en augnabrýrnar drógust saman í eitt einasta þykt kolsvart strik, um leið og hann beit á vörina.

»Það get eg ekki Lísa«, sagði hann síðan þrjóskulega — það er alveg ómögulegt.

»Hermann« — tók eg til máls.

»*Nei*, hlustaðu nú á«, tók hann fram í. Hann stóð á fætur og gekk nokkur spor fram og aftur um gólfið. »Hver ábyrgist mér að hún muni þá ekki« — »líma sig fasta á þig, áttu við«, sagði eg.

»Það er bæði mjög dónalegt orð og hugtak, og eg er viss um eftir því, sem hún hefir borið sig að hingað til að það geri hún ekki, ef hún fær að heyra hvernig í öllu liggur, og þú viðurkennir ærlega þína yfirsjón — því frá hennar sjónarmiði að minnsta kosti, þarft þú að afbiðja mikla yfirsjón frá þinni hlið við hana, Hermann«.

»Það vantaði bara«, bætti eg við, »að faðir hennar hefði í von um að geta klófest þig, sagt henni þannig frá málavöxtum, að hún haldi nú að þú hafir beðið hennar í raun og veru — og sé nú að vonast eftir að þú komir til hennar.

»Já, en eg get þó fjandann ekki gert að því þótt karlinn ljúgi«.

»Nei, ekki beinlínis, en þú hefir þó gefið henni fulla ástæðu til að halda það sé — «

»Þér finst þá að eg ætti að fara þangað og segja henni sjálfri að eg vilji ekki eiga hana?«

»Þú átt að segja henni að þú hafir leikið með hana — og biðja hana að fyrirgefa þjer það — ef hún geti — «. Hann gekk þegjandi um gólfið fram og aftur, nokkrum sinnum, svo staðnæmdist hann framan fyrir mér. Eg tók í hendina á honum.

«Heldur þú ekki eg skilji að þetta er enginn hægðarleikur fyrir þig, Hermann, en það er þó áreiðanlega það eina rétta, — og hyggilega, í tilbót, því með því móti fær þú hana fyrir bandamann móti föður hennar, ef hann fitjaði aftur upp á samskonar giftingarumleitunum. Auk þess finst mjer að það mundi vera í samræmi við sómatilfinningu þína að gera algerlega út um þetta, heldur en að dragast með slíka óuppgerða skuld, þótt að sá, sem þú skuldar sé bara svolítið aumingja »sveitalamb«, sem ekki hefir haft betur vit á en að brenna sig í þessum ginnandi leik með eldinn«.

»Þeguðu Lísa«.

Eg lagði kinnina á mjer ofan á hendina sem eg hélt á.

»Sjáðu nú Hermann, mér þykir svo fjarskalega vænt um þig, og enginn veit heldur eins vel og eg hvað mikið er varið í þig í raun og veru — en eg vildi svo fegin geta að öllu leiti horft upp til þín«.

»Það er ekki lítið, sem þú heimtar af mér Lísa«.

»Ekki meira en þú getur gefið — ef þú vilt!« Eg leit framan í hann þar sem svipbrygðin sýndu bæði viðkvæmni, þrjósku og ákvörðunarleysi.

»Heldur þú að þú getir ekki horft upp til min eins og þú kallar það — ef eg skorast nú undan þessu, sem er mér svo mótstæðilegt«.

»Þykir þér betra að borga föður hennar þessa skuld, en láta síðan sem þú vitir ekki um þá miklu stærri skuld, sem þú ert í við hana? Mér finnst að það að bara að mæta henni aftur, með slíka spurningu óafgerða á milli ykkar — eða eins og gamli maðurinn mundi útskýra það — væri verra fyrir þig en allt annað. — Auðvitað er þetta í þínum aug-

Haraldur Árnason

hefir flutt verzlun sína

í gamla „Prestaskólann"

Austurstræti 22.

Þar verður gott að kaupa alla nauðsynlega

Vefnaðarvöru.

HÁ HÁ

um bara hún Greta litla Hellgren, en það er þó að minsta kosti hugsandi manneskja með tilfinningum, sem þú á þann hátt gefur rétt til þess að líta niður á þig, og sem þú máski gerir meira ílt með breytni þinni, en þig getur grunað. Slígt högg á trúna á mennina, og einkum á þá, sem mönnum þykir vænt um, ef það skyldi nú vera svo ástatt — hefir eyðilagt margra manna hamingju fyrir alt lífið, Hermann! en ærleg afsökun og fyrirgefningarbón, getur oft verið gott handtak upp aftur, bæði fyrir þann, sem hefir brotið og þann sem fyrirgefur. — « Hann svaraði engu en horfði þungbúinn fram fyrir sig.

»Eg get ekki lofað neinu Lísa«, sagði hann síðast, en eg skal hugsa um það, sem þú hefir sagt. Eg á að sinna skyldustörfum mínum núna nokkrar klukkustundir. Vertu sæl á meðan siðferðispredikarinn þinn — og hálfbrosandi laut hann niður og kysti mig.

* * *

Það var liðið æðilangt á síðari hluta dagsins þegar dyrnar opnuðust og Hermann bróðir minn kom inn, en talsvert meira hægfara en í fyrra skiftið. Eg sá á hans ásta útliti hvar hann hefði verið, og hjartað flaug alveg upp í hálsinn á mjer. Eg var bæði hrædd og og glöð í einu, og tók kveðju hans miklu innilegar en nokkru sinni áður, þegar hann kom inn til mín.

Hann stóð dálitla stund þegandi og horfði út um gluggann.

»Þetta var enginn léttaleikur Lísa«, sagði hann loksins lágt og drættirnir kringum munninn á honum titruðu. Hann gekk nokkrum sinnum um gólf, og tók sér síðan sína uppáhaldsstöðu, með bakið upp við ofninn. »Mér finst alveg eins og eg hefði myrt einhvern — það var reglulega óþægilegt« — sagði hann.

»Hvað sagði hún?« — »já það var ekki mikið, því máttu trúa. Ef hún hefði bara gjört það. — Ef hún hefði skammað mig, eins og eg átti sannarlega skilið — en nú — Eg get ekki þol-